



Til:
Efni:
Upplýsingar:

Jón Smári Jónsson <jonsmari@skipulag.is>, "Jakob Gunnarsson" <jakob@skipulag.is>
Re: Beiðni um umsögn - Vopnafjarðarlína 1, niðurtekt loftlínu og lagning jarðstrengs
Sent: 09-10-2019 10:01:12 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2019090030, Bréfalyklar: 42-0
almennt

Tilvísun í mál: 2019090030

Vísað er til bréfs frá Skipulagsstofnun, dags. 19. september sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um hvort og á hvaða forsendum niðurrif loftlínu á hluta Vopnafjarðarlínu 1 og lagning 66 kV jarðstrengs í jörðu í staðinn fyrir loftlínuna á um 10 km kafla efst á Helligsheiði skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdinni er vel lýst og áhrif framkvæmdarinnar eru nokkuð vel þekktar. Framkvæmdin er í og við núverandi vegstæði og með réttum vinnuaðferðum á að vera hægt að koma í veg fyrir óþarfa röskun á þeim vistgerðum sem hafa hæst verndargildi. Þetta má t.d. gera bæði með því að sneiða fram hjá mikilvægustu svæðunum og, eins og bent er á í fyrirspurninni, endurheimta fyrri gróður með því að nota þann gróður, svarðlag, sem fyrir er á svæðum sem verður raskað til uppgræðslu. Mikilvægt er að ekki sé farið með framandi ágengar tegundir, eins og lúpínu, inn á svæðið til að græða það upp. Í þessu sambandi er ástæða til að benda á að koma þarf í veg fyrir að tæki beri ekki inn á svæðið fræ, þ.m.t. lúpínufræ, frá öðrum svæðum. Jafnframt þarf að gæta þess að frágangur falli vel að landslagi

Huga þarf að því að ekki rofni úr skurðum eftir mikil vatnsveður, s.s. haustrigningar og vorleysingar, og þeir myndi vatnrásir. Við niðurrif staura þarf að sýna sérstaka aðgát t.d. á mýrasvæðunum og nýta frost í jörðu til að lágmarka rask. Til að kanna hvort rof verði úr strenglagnarskurðinum þarf að fara um svæðið aftur að ári og meta hvort frekari aðgerða sé þörf til að varna vatnsrofi.

Með hliðsjón af starfsviði Náttúrufræðistofnunar og að teknu tilliti til umfangs og eðli framkvæmdarinnar og 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og jafnframt með hliðsjón af því að farið verði eftir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum og ábendingum telur Náttúrufræðistofnun að niðurrif loftlínu og lagning rafstrengs í jörðu yfir Helligsheiði muni ekki valda umtalsverðum umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
210 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is



Frá: Jón Smári Jónsson <jonsmari@skipulag.is>

Dags: 09/19/2019 03:48:04 PM

Til: "bjorni@egilsstadir.is" <bjorni@egilsstadir.is>, "egilsstadir@egilsstadir.is" <egilsstadir@egilsstadir.is>, "thor.steinarsson@vopnafjardarhreppur.is" <thor.steinarsson@vopnafjardarhreppur.is>, "skrifstofa@vopnafjardarhreppur.is" <skrifstofa@vopnafjardarhreppur.is>, Leifur Þorkelsson <leifur@haust.is>, Heilbrigðiseftirlit Austurlands <haust@haust.is>, Guðni Magnús Eiríksson <gudni@fiskistofa.is>, "fiskistofa@fiskistofa.is" <fiskistofa@fiskistofa.is>, Kristinn Magnússon <kristinn@minjastofnun.is>, "postur@minjastofnun.is" <postur@minjastofnun.is>, Trausti Baldursson <trausti@ni.is>, "ni@ni.is" <ni@ni.is>, Agnar Bragi Bragason <Agnar.Bragason@umhverfisstofnun.is>, "Umhverfisstofnun (ust@ust.is)" <ust@ust.is>, "erna.b.hreinsdottir@vegagerdin.is" <erna.b.hreinsdottir@vegagerdin.is>, "vegagerdin@vegagerdin.is" <vegagerdin@vegagerdin.is>

Efni: Beiðni um umsögn - Vopnafjarðarlína 1, niðurtekt loftlínu og lagning jarðstrengs

Heil og sæl,

Meðfylgjandi í viðhengi er greinargerð matsskyldufyrirspurnar varðandi Vopnafjarðarlínu 1.

Matsskyldufyrirspurnin hefur verið póstlögð ásamt umsagnarbeiðnum. Umsagnarfrestur er til 7. október 2019. Óskað er að umsögn verði einnig send á tölvupóstföngin: jonsmari@skipulag.is og jakob@skipulag.is

Bestu kveðjur,

Jón Smári Jónsson

Sérfræðingur, svið umhverfismats / Specialist, Environmental Assessment
Skipulagsstofnun - National Planning Agency
Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland – Iceland
sími 595 4100, fax 595 4165
jonsmari@skipulag.is
www.skipulag.is
www.facebook.com/skipulagsstofnun